

108. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.
Haldinn í Bergi 30. nóvember 2021. Fundur hófst kl. 20:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Þórhalla Karlsdóttir og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

Dagskrá:

1. **Ráðning framkvæmdastjóra Bergs Menningarhúss.** Fyrir fundinum lágu niðurstöður frá Mögnum eftir aðra umferð viðtala við umsækjendur. Stjórnin samþykkir einróma að bjóða Jóhanni Má Kristinssyni, Skógarhólum 24, Dalvík stöðu framkvæmdarstjóra í 50% starfshlutfalli frá og með 1. janúar 2022 og 25% starfshlutfalli með núverandi framkvæmdastjóra í desembermánuði 2021. Formanni falið að ræða við Jóhann og ganga frá ráðningunni.
2. **Starfslýsing framkvæmdastjóra.** Uppfæra þarf starfslýsinguna. Björk falið að vinna þau drög.
3. **Önnur mál.**
 - a) Samþykkt að fyrirhugaðir tónleikar í febrúar falli undir tónleikaröðina Klassík í Bergi.
 - b) Samþykkt að laun fyrir stjórnarsetu haldist óbreytt enn um sinn en þau hafa dregist aftur úr launum fyrir fundarsetu hjá Dalvíkurbyggð.
 - c) Veitingasala í Bergi rædd en samningur við núverandi rekstraraðila kaffihússins rennur út um áramótin.

Fundi slitið kl. 21:30.